



Kópavogsbær

Digranesvegur 1
200 Kópavogur
Sími 441 0000
kopavogur.is

Til bæjarráðs Kópavogsbæjar

Kópavogi, 7. janúar 2022
220118/999.00 SÖP

Efni: Vegna sumarstarfa hjá Kópavogsbæ 2022, 18 ára og eldri

Óskað er heimildar bæjarráðs Kópavogs til að auglýsa laus til umsóknar sumarstarf hjá Kópavogsbæ 2022 fyrir 18 ára og eldri.

Einnig er lagt til að eftirfarandi vinnureglur við ráðningar sumarstarfsfólks hjá Kópavogsbæ 2022 verði samþykktar:

Almennar vinnureglur við ráðningar sumarstarfsfólks 18 ára og eldri hjá Kópavogsbæ 2022:

- Öll sumarstörf hjá Kópavogsbæ eru auglýst laus til umsóknar. Ekki er ráðið án umsóknar í gegnum ráðningarkerfi Kópavogsbæjar.
- Allar starfslýsingar vegna sumarstarfa skulu tilbúnar til birtingar á vef eigi síðar en 1. febrúar 2022.
- Sumarstörfin verða auglýst í tveimur þrepum annars vegar frá 10. febrúar til 28. febrúar 2022 og svo þau störf sem ennþá eru laus frá 1. mars til 31. mars 2022. Val er um að auglýsa á öðru eða báðum tímabilum.
- Ekki verði tekið við umsóknum eftir að umsóknarfresti lýkur en þess í stað verði opnað fyrir séstaka skráningu (biðlista) fyrir þá sem ekki gátu sótt um á umsóknartímabilinu.
- Launarammi fyrir sumarstarfsfólk er gefinn út af mannauðsdeild.
- Tryggja skal að allir þeir íbúar Kópavogs sem sækja um sumarstarf verði boðið sumarstarf hjá Kópavogsbæ.
- Þeir sem verða ráðnir til ábyrgðar- eða stjórnunarstarfa og hafa mannaforráð verði boðaðir í ráðningarviðtal.
- Aldurstakmörk sem kynnt eru í upplýsingum um störf verði virt við ráðningar. Aðeins má ráða einstaklinga fædda 2004 eða fyrr.
- Öllum umsækjendum skal svarað fyrir 29. apríl 2022.
- Gætt verði jafnræðis við ráðningar sumarstarfsmanna í samræmi við jafnréttisáætlun Kópavogsbæjar.

Svavar Pétursson
Verkefnastjóri gatnadeild

Virðingarfyllt,

Sigríður Brúður Stefánsdóttir
Mannauðsstjóri